



Kennari:	Kristjana Hrund Bárðardóttir (KHB) kristjanahrund@fsu.is
----------	--

Áfangalýsing: Áhersla verður lögð á að efla sjálfstraust, sjálfstæði og vinnubrögð nemenda. Unnið verður með fjölbreytt verkefni með áherslu á sjálfbærni og menningu. Markmið áfangans er að nemendur nái flestum viðmiðum hæfnipreps 1 samkvæmt aðalnámskrá framhaldsskóla og viðmiðum A1, A2 og hluta B1 samkvæmt evrópsku tungumálamöppunni

Undanfari: Einkunn D við lok grunnskóla

Þekkingarviðmið - nemandi skal hafa aflað sér almennrar þekkingar og skilnings á:

- þeim orðaforða sem nauðsynlegur er til að mæta hæfniviðmiðum þrepsins
- mannlífi, menningu og siðum í löndum þar sem tungumálið er talað sem móðurmál/fyrsta mál og þekkja samskiptavenjur
- grundvallarþáttum málkerfisins
- formgerð og byggingu texta og mismun á töluðu og rituðu máli

Leikniviðmið - nemandi skal hafa öðlast leikni í:

- að skilja talað mál um kunnuglegt efni þegar talað er skýrt og áheyrilega
- lestri ýmiss konar texta á eigin áhugasviði eða texta um kunnugleg efni og beita viðeigandi aðferðum eftir því hver tilgangur með lestrinum er hverju sinni
- að taka þátt í samræðum um efni sem hann þekkir eða hefur áhuga á og beita kurteisisvenjum, málvenjum og hljómfalli við hæfi
- að beita orðaforða á skýran hátt með því að beita málvenjum, framburði, áherslum og hljómfalli á sem réttastan hátt
- að skrifa samfelldan texta um efni sem hann þekkir eða hefur áhuga á og nota viðeigandi málfar.
- að fara eftir grundvallarreglum sem gilda um ritaða mál
- að nota upplýsingatækni og hjálpargögn í tungumálanámi

Hæfniviðmið - nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- fylgjast með frásögunum og erindum og ná aðalatriðum úr fjöl – og myndmiðlum ef efnið er kunnuglegt
- afla sér upplýsinga, greina helstu atriði þeirra og hagnýta sér í náminu
- tileinka sér aðalatriðin í stuttum tímarits- eða blaðagreinum og geta dregið ályktanir af því sem hann les
- lesa sér til ánægju og þroska skáldskap af hæfilegu þyngdarstig og tjá skoðun sína á honum
- takast á við margvíslegar aðstæður í almennum samskiptum, beita viðeigandi mál- og samskiptavenjum og halda samtali gangandi

- miðla eigin þekking, skoðunum og tilfinningum sem og persónulegri reynslu, vonum og væntingum.
- útskýra og rökstyðja ákvarðanir og fyrirætlanir og gera málamiðlanir
- miðla efni sem hann hefur aflað sér þekkingar á
- skrifa um atburði, ímyndaða og raunverulega
- skrifa samantekt byggða á tilteknu efni, s.s. kvikmynd eða blaðgrein
- skrifa um hugðarefni sín og áhugamál.

Námsefni:

- tekið saman af kennara og unnið í Innu

Áætlun um yfirferð og verkefnaskil:

Vika	Dagsetning	Námsefni og viðfangsefni	Próf og verkefni
1-4	1. – 26. janúar	<ul style="list-style-type: none"> - Kennsla hefst fös. 5. janúar - Námsáætlun áfangans kynnt - Hæfniverkefni 	Sjá vikuyfirlit í Innu
5-8	29. janúar – 23. febrúar	<ul style="list-style-type: none"> - Hæfniverkefni - Einstaklings þemaverkefni - Vetrarfrí 19.-20. febrúar 	Sjá vikuyfirlit í Innu
9-12	26. febrúar – 22. mars	<ul style="list-style-type: none"> - Hæfniverkefni - Kátir dagar 28.-29. febrúar - Flóafár 1. mars - Áfangamessa 7. mars - Miðannarmat 8. mars - Valdagur 13. mars 	Sjá vikuyfirlit í Innu
13-16	25. mars – 19. apríl	<ul style="list-style-type: none"> - Hæfniverkefni - Hópa þemaverkefni - Páskafrí 25. mars – 1. apríl 	Sjá vikuyfirlit í Innu
17-19	22. apríl – 10. maí	<ul style="list-style-type: none"> - Hæfniverkefni - Síðasti kennsludagur 8. maí 	

Sérreglur áfangans:

- Ætlast er til að nemendur fylgist með verkefnum og áætlun á Innu. Sýni sjálfstæði í vinnubrögðum og beri ábyrgð á eigin námi.
- Áfanginn er lokaprófslaus og er þess vegna skilaskylda á öllum verkefnum sem lögð verða fyrir á önninni. Einkunnin 0/núll er gefin fyrir verkefni sem ekki er skilað.
- Nemendum er bent á að allt efni á internetinu og öðrum miðlum er varið höfundarrétti. Ef nemandi verður uppvis að ritstuldi eða að nota texta án þess að vísa í hann í heimildaskrá mun verkefnið fá einkunnina 0/núll
- Skilaboðum frá nemendum verður eingöngu svarað á dagvinnutíma.
- Nemendur geta nýtt sér viðtalstíma kennara til skrafs og ráðagerða eða auka aðstoðar við verkefnavinnu.

Námsmat:

Námsþáttur	Lýsing á námsmati	Vægi
Hæfniverkefni	Ýmiss konar verkefni – hlustun, lestur, ritun, tjáning	50%
Þemaverkefni	Einstaklings- og hópaverkefni	25%
Sjálfsmat	Sjálfsmatsverkefni	15%
Ástundun	Virgni, áhugi og mæting	10%
Samtals		100%

Kennsluáætlun er sett fram með fyrirvara um breytingar.

FSu 4. janúar 2024 Kristjana Hrund Bárðardóttir